

Ár 2015, fimmtudaginn 5. mars kl. 8:00 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins.

Mætt voru: Unnur Þormóðsdóttir, Eyþór H. Ólafsson og Njörður Sigurðsson. Ennfremur sat fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Unnur Þormóðsdóttir formaður setti fund og stjórnaði. Leitaði hún eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Í upphafi fundar lagði formaður fram dagskrárbreytingartillögu þannig að liðurinn 2.2 lóðarumsókn Dalsbrún 10-16 innihaldi einnig lóðarumsókn frá Bygg bræðrum.

Dagskrárbreytingartillagan samþykkt samhljóða.

Eftirfarandi fært til bókar:

**1. Bréf sem borist hafa frá:**

**1.1. Mennta- og menningarmálaráðuneytinu frá 19. febrúar 2015.**

Með bréfinu er vakin athygli á því að kvikmyndasýningar í kennslustundum eru óheimilar nema fyrir liggi leyfi rétthafa, framleiðanda eða dreifingaraðila.

Lagt fram til kynningar.

**1.2. Mennta- og menningarmálaráðuneytinu frá 26. febrúar 2015.**

Í bréfinu er gerð grein fyrir niðurstöðu úttektar á starfsemi leikskólans Óskalands. Skýrsla um niðurstöðu ytra matsins fylgir með fundargögnum.

Bæjarráð samþykkir að bæjarstjóri í samvinnu við leikskólastjóra sendi ráðuneytinu, fyrir 1. maí nk., tímasetta áætlun um hvernig brugðist verður við þeim tillögum og ábendingum sem fram koma í skýrslunni.

**1.3. Vinnumálastofnun frá 25. febrúar 2015.**

Í bréfinu er kynnt verkefnið „Virkjum hæfileikana – alla hæfileikana“ sem er samstarfsverkefni Vinnumálastofnunar, Öryrkjabandalagsins og Landssamtakanna Þroskahjálp.

Lagt fram til kynningar en bæjarstjóri mun jafnframt kynna verkefnið á næsta fundi stjórnenda bæjarins.

**1.4. Beiðni um umsögn frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis frá 9. febrúar 2015 – frumvarp til laga um stjórn vatnamála, gjaldtaka fyrir vatnsþjónustu, EES reglur.**

Bæjarráð mótmælir harðlega þeim áformum sem fram koma í frumvarpinu um að ríkið ætli sér að skattleggja lögbundna almannaþjónustu sem sveitarfélög veita íbúum sínum með rekstri vatns- og fráveitu til að standa straum af þátttöku Íslands í innleiðingu tilskipana vegna EES samningsins. Það er óásættanlegt að ríkið ætli sér að auka álögur í þessum málaflokki því í raun ætti

Það frekar að standa myndarlega að stuðningi við þau sveitarfélög sem enn hafa ekki lokið nauðsynlegum fráveituframkvæmdum.

Að ætla að fjármagna kostnað ríkisins vegna tilskipana Evrópusambandsins með álögum á vatns- og fráveitur sveitarfélaga er fráleit hugmynd sem bæjarráð Hveragerðisbæjar ætlast til að verði aldrei að veruleika.

**1.5. Beiðni um umsögn frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis frá 19. febrúar 2015 – frumvarp til laga um farþegaflutninga á landi í atvinnuskyni, heildarlög, EES reglur.**

Eftirfarandi bókun samþykkt samhljóða:

Bæjarráð mótmælir þeim áformum að leiðir sem skilað geti rekstrarafgangi verði boðnar út sérstaklega. Slíkt mun kippa rekstrargrundvelli undan almenningssamgöngum sem sveitarfélögin hafa skipulagt, m.a. á leiðum sem fáir farþegar nýta. Það kerfi almenningssamgangna sem sveitarfélögin á Suðurlandi hafa skipulagt saman í gegnum SASS skiptir miklu fyrir búsetu á svæðinu og þjónustu við íbúa.

Ennfremur vill bæjarráð vekja athygli á því að akstur með standandi farþega verður samkvæmt frumvarpinu óheimill utan þéttbýlis frá og með 1. janúar 2019. Það að farþegar megi standa í vögnunum í undantekningatilfellum er ein forsenda reksturs almenningssamgangna á landsbyggðinni þar sem án þessarar heimildar væru farþegar skyldir eftir þegar vagnarnir eru fullir en slíkt gerðist einmitt alltof oft áður en þessi regla var tekin upp á starfsvæði Strætó hér fyrir austan fjall. Í þessu samhengi má benda á að jafnræði virðist þarna vera gróflega brotið þar sem í þéttbýli má standa í vögnunum þrátt fyrir að þar sé iðulega ekið langt yfir leyfilegum hámarkshraða sem á ákveðnum stöðum er 80 km/klst.

**1.6. Beiðni um umsögn frá Allsherjar- og menntamálanefnd, frá 20. febrúar 2015 – frumvarp til laga um orlof húsmæðra (afnám laganna).**

Bæjarráð fagnar framkomnu frumvarpi um að lög um orlof húsmæðra nr. 53/1972 falli úr gildi og hvetur þingmenn til að stuðla að því að frumvarpið verði samþykkt.

**2. Tæknileg málefni:**

**2.1. Rekstur tjaldsvæðis – niðurstaða auglýsingar.**

Í auglýsingu var óskað eftir því að áhugasamir hefðu samband og gerðu grein fyrir bakgrunni sínum og hugmyndum varðandi tjaldsvæði í Hveragerði og í kjölfarið yrðu allir aðilar boðnir til viðræðna.

Eftirtaldir aðilar lýstu yfir áhuga á viðræðum um rekstur tjaldsvæðisins:

*Árni Jóhannesson, Hveragerði*  
*Einar Ingi Magnússon, Stokkseyri*  
*María Irena Martin, Sveitarfélaginu Ölfus*  
*Sigríður Sigmundsd. & Pétur I. Frantzson, Hveragerði*  
*Sigurður Lárusson, Selfoss*  
*Þór Ólafur Hammer Ólafsson, Hveragerði*

Bæjarráð samþykkir að fela bæjarstjóra, formanni bæjarráðs og forseta bæjarstjórnar að ræða við ofangreinda aðila.

## 2.2. Lóðarumsóknir Dalsbrún 10-16.

Unnur Þormóðsdóttir vék af fundi á meðan á afgreiðslu stóð.

Umsóknir bárust um lóðina frá eftirtöldum aðilum:

Arn-Verk ehf, Austurmörk 19, Hveragerði  
Byggbræður ehf, Ólafsgeisla 97, Reykjavík.

Í reglum um úthlutun lóða í Hveragerði frá 9. október 2003 kemur fram að við úthlutun lóða fyrir par-, rað-, og fjölbýlishús eru allar umsóknir *að jafnaði* jafnréttáar. Í ljósi þess að Byggbræður ehf hafa þegar fengið úthlutað tveimur lóðum fyrir raðhús við Dalsbrún en Arn-Verk ehf hefur ekki áður sótt um þá samþykkir bæjarráð að Arn-Verk ehf verði úthlutað lóðinni Dalsbrún 10-16 samkvæmt þeim reglum sem gilda um úthlutun lóða í Hveragerði.

Unnur Þormóðsdóttir mætti aftur til fundar.

## 3. Fundargerðir til kynningar:

3.1. Heilbrigðisnefnd Suðurlands frá 13. febrúar 2015.

Fundargerð upp lesin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 8:30

Unnur Þormóðsdóttir, (sign)

Njörður Sigurðsson, (sign.)

Eyþór H. Ólafssonar, (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)